

Mál nr. 203/2026

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutæks (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 26. maí 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 27. maí 2026 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 19. febrúar 2026, var bifreiðinni A, en M var ökumaður hennar, ekið á ljósastaur við vegöxl á Suðurlandsvegi aðfaranótt 19. febrúar 2026. Í framburði sínum fyrir lögreglu lýsti M atvikum svo að hún teldi sig hafa sofnað undir stýri, en hún hefði unnið allan daginn og verið mjög þreytt er hún þurfti að aka manni sínum. Í lögregluskýrslu kemur einnig fram að samskipti við M hafi verið erfið vegna tungumálaörðugleika.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir meiðslum við atvikið. V hafi, með bréfi dags. 22. maí 2026, tilkynnt M um að bótaréttur úr slysátryggingu ökumanns og eiganda A yrði skertur um þriðjung með vísan til 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga og 26. gr. almennra skilmála V á grundvelli þess að M hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

Í málskoti mótmælir M þeirri afstöðu, enda verði bótaréttur hennar ekki skertur nema V sýni fram á að hún hafi valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi. Það sé ósannað að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða og sé afstaða V fyrst og fremst byggð á misskilningi vegna tungumálaörðugleika. Hafi V þá ekki með neinum hætti rökstutt að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða, að öðru leyti en því að vísa til þess að M hafi sofnað undir stýri. Frásögn M í lögregluskýrslu verði ekki lögð til grundvallar gáleysismati, enda liggi ekki fyrir sérstök framburðarskýrsla og samskipti lögreglu við M hafi einkennst af tungumálaörðugleikum. Sé það sem fram kemur í lögregluskýrslu um framburð M því ekki trúverðugt. Daginn fyrir slysið hafi M verið í vinnu frá kl. 09:00 til 16:15 og hún hafi jafnframt lagt sig frá kl. 20:00 til 01:00 þegar hún vaknaði til að aka manninum sínum en slysið hafi átt sér stað um kl. 02:30. Ekki verði því séð hvernig hún hafi valdið slysinu af stórfelldu gáleysi. Háttsemi M geti með engu móti talist fela í sér stórkostlegt gáleysi og ekki sé óeðlilegt að fólk sé að einhverju leyti þreytt þegar ekið er í miklu myrkri þrátt fyrir að vera vel hvílt. Jafnvel þó byggt væri á frásögn M í lögregluskýrslu dugi hún ein og sér ekki til að sýna fram á stórkostlegt gáleysi enda komi t.a.m. ekki fram þar að M hafi vakað óeðlilega lengi áður en hún hóf aksturinn. Telji nefndin þrátt fyrir framangreint að M hafi sýnt af sér gáleysi hafi það þá í mesta falli verið einfalt gáleysi sem dugi ekki til að skerðing bóta komi til álita. Er sérstaklega vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 336/2005 því til stuðnings.

Í bréfi V til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að sannað sé, samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu sem sé frumgagn í málinu, að M hafi sofnað við aksturinn. Sé jafnframt sýnt fram á að M hafi verið mjög þreytt þegar hún þurfti að aka manni sínum. Af málskoti verði ráðið að aksturinn hafi hafist um kl. 01:00 og hafi M því verið mjög þreytt við stjórn bifreiðar í um einn og hálfan tíma er umrætt atvik átti sér stað. Hafi M þar af leiðandi valdið tjóninu með stórkostlegu gáleysi, en sú háttsemi að aka bifreiðinni við þessar aðstæður hafi falið í sér brot á 1. og 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Miðað við það sem fram sé komið um framangreint hvíli það því á M að sýna fram á að aðrar ástæður hafi orsakað tjónið. Hafi slík sönnun ekki tekist og hafi eftiraskýringar M um að hún hafi verið úthvöld við aksturinn enga þýðingu enda séu þær í andstöðu við frumgögn málsins. Er því þá hafnað að framburður M hafi ekkert vægi vegna tungumálaörðugleika, enda sé framburðurinn skýr og ekkert komið fram sem leiði til annars en þess að umrædd lögregluskýrsla hafi fullt sönnunargildi. Sé því rétt að bótaréttur M verði skertur um þriðjung.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga skal ökumaður vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því sem hann fer með. Í 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga kemur fram að enginn má stjórna eða reyna að stjórna ökutæki ef hann er svo á sig kominn, m.a. vegna svefnleysis, að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð váttryggingafélags ef váttryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur nýtt og atvika að öðru leyti.

Þegar váttryggingafélag ber því við að heimild til takmörkunar á ábyrgð þess sé fyrir hendi ber það sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar heimildar séu uppfyllt. V ber því sönnunarbyrði um að M hafi verið svo á sig kominn að hún hafi ekki verið fær um að stjórna A örugglega og að í háttsemi hennar hafi falist stórkostlegt gáleysi.

Af gögnum málsins verður ráðið að M hafi misst stjórn á bifreið sinni og ekið á ljósastaur við vegöxl. Í lögregluskýrslu, sem er gerð skömmu eftir atvikið og telst frumgagn málsins, er haft eftir M að hún telji sig hafa sofnað undir stýri og að hún hafi verið mjög þreytt þegar hún hóf aksturinn. Jafnframt kemur fram í skýrslunni að samskipti við M hafi verið erfið vegna tungumálaörðugleika. Ekki liggur fyrir sérstök framburðarskýrsla eða önnur gögn sem varpa nánara ljósi á atvik málsins.

Þótt nefndin telji ekki ástæðu til að draga í efa að M hafi tjáð lögreglu að hún teldi sig hafa sofnað við aksturinn verður jafnframt að hafa í huga að gögn málsins veita takmarkaðar upplýsingar um ástand hennar áður en aksturinn hófst. Samkvæmt skýringum hennar í málskoti lauk hún vinnu síðdegis daginn fyrir slysið og lagði sig um kvöldið í nokkrar klukkustundir áður en hún lagði af stað. Ekki liggja fyrir gögn sem sýna að M hafi verið þreytt eftir óeðlilega langa vöku eða að hún hafi fundið fyrir slíkri syfju að henni hafi mátt vera ljóst að veruleg hætta stafaði af áframhaldandi akstri. Þá verður ekki af lögregluskýrslunni ráðið hversu lengi, hvert eða hvaðan, hún hafði ekið er kom til tjónsins.

Við mat á því hvort um stórkostlegt gáleysi sé að ræða verður að líta til þess að ekki er nægilegt að sýna fram á að ökumaður hafi sofnað við akstur eða verið þreyttur. Einnig þarf að vera sýnt fram á að viðkomandi hafi ekið þrátt fyrir að vera, eða mátt vita að hann gæti verið, ófær um akstur í greint sinn, og hafi með því sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Telur nefndin að þau gögn sem fyrir liggja séu ekki nægjanleg til að sýna fram á að háttsemi M hafi verið með þeim hætti að hún verði metin henni til stórkostlegs gáleysis í skilningi 90. gr. laga um váttryggingarsamninga. Hallann af þeim sönnunarskorti ber V og verður því ekki fallist á að skilyrði til skerðingar á bótarétti M séu uppfyllt.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 19. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir